

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

7. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026 13.1.2023

Árið 2023, Föstudaginn 13. janúar 2023 kl. 9:00, var haldinn 7. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Heydal.

Mættir voru á fundinn:

Bragi Þór Thoroddsen, Kristján Rúnar Kristjánsson, Dagbjört Hjaltadóttir, Eiríkur Valgeir Scott og Sigurdís Samúelsdóttir.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.
Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 7. fund sveitarstjórnar.
2. Úthlutun byggðakvóta Súðavíkur fiskveiðiárið 2022/2023.
3. Fundargerð skipulags-,bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar.
4. Byggðamál í Súðavíkurhreppi – Inndjúp, beitarhólf ofl.
5. Framkvæmdir í Súðavíkurhreppi 2023.
6. Verkefni til umsóknar í Fiskeldissjóð 2023.

-
1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 7. fund sveitarstjórnar.

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

2. Úthlutun byggðakvóta Súðavíkur fiskveiðiárið 2022/2023.

Sveitarstjóra falið að semja frumdrög að úthlutunarreglum fyrir Súðavíkurhrepp og ræða við hlutaðeigandi aðila, útgerð og vinnslu.

3. Fundargerð 32. fundar skipulags-,bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 11.1.2023.
Fundargerð samþykkt samhljóða.

4. Byggðamál í Súðavíkurhreppi – Inndjúp, beitarhólf ofl.

Sveitarstjórn samþykkir að taka meiri ábyrgð á fjallskilum með íbúum í Inndjúpi og leita leiða til þess að manna smölun að hausti. Þá er sveitarstjóra falið að kanna afstöðu landeigenda sem koma að beitarhólfi sem afmarkast af Hörgshlíð yfir í Eyri í Ísafirði og afstöðu Vegagerðarinnar til þess verkefnis og falið að gera kostnaðargreiningu á verkefninu og hvort verkefnið er styrkhæft.

Sammælst um að mokað verði amk tvisvar á vetri að lögbýlum en tekið mið af aðstæðum.
Sveitarstjóri kanni með umsókn í styrkvegasjóð varðandi slóða fram á Miðdal í Ísafirði og slóða frá Egilsstöðum fram í dalbotn í Laugardal.

5. Framkvæmdir í Súðavíkurbreppi 2023. Verkefni til umsóknar í Fiskeldissjóð 2023.

Vatnsveita fyrir smábátahöfn.

Rafmagnstengingar fyrir smábátahöfn.

Vottun hafnar og lokun við norðurgarð.

Geymslusvæðið – rafmagn, lýsing og myndvél.

Lenging viðlegukants.

Bílastæði við höfn vegna Sea Angling í tengslum við sóttvarnarhólf á höfn.

Raforkutengingar í Djúpi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:15

Bragi Þór Thorodsen

Sigurdís Samúelsdóttir

Eiríkur Valgeir Scott

Dagbjört Hjaltadóttir

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti